

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

Skólanefnd Framhaldsskóla – fundur 12. desember 2005, kl 17:15.

Mætt: Jón G. Valgeirsson, Helga Björk Ólafsdóttir, Sigurhanna Friðþórsdóttir, Gunnlaugur Grettisson, Gylfi Sigurðsson, Ólafur Týr Guðjónsson, Finnbogi Friðfinnsson og Ólafur H. Sigurjónsson.

Fundargerð síðasta fundar var lögð fram og samþykkt með lítilsháttar lagfæringu.

1. Skólastarfið frá síðasta fundi og annarlökin:

Skólameistari rakti það helsta sem gerst hefur frá síðasta fundi og dreifði upplýsingablaði um nemendafjölda, skólasókn og fleira. Athyglisvert er að nemendur eru nú fleiri en í upphafi annar og brottfall er mjög lítið. Endanlegar tölur verða ljósar þegar prófum er lokið. Annars hefur skólastarfið einkennst af yfirvofandi prófum og bæði kennarar og nemendur verið önnur kafnir af þeim sökum.

Við fengum þær Gerði Kristnýju og Telmu Ásdísardóttir í heimsókn föstudaginn 18. nóvember og lásu þær úr bókinni “Myndin af pabba” og svöruðu fjölmörgum spurningum nemenda. Þótti bæði þeim og nemendum heimsóknin takast mjög vel. Samræmd stúdentspróf voru haldin dagana 30. nóv til 2. des.

Kennslu lýkur 2. desember, próf hefjast 3. des. og útskrift er 17. desember.

2. Fjarvistir kennara á haustönn.

Skólameistari lagði fram yfirlit um fjarvistir kennara á haustönn og var það skoðað og rætt. Fjarvistir eru ekki miklar og leyfi stafa í flestum tilfellum af nauðsynlegum námsferðum kennara, en 5 kennarar stunda nú háskólanám með starfi sínu.

3. Skólasamningur og áætlanagerð

Skólasamningur var til umræðu á fundi sem skólameistari átti með ráðuneytisfólki þann 9. desember. Var þar farið yfir samningsdrög og kortlagt hverju þyrfti að breyta. Tilbúinn tillaga að samningi verður væntanlega lögð fyrir skólanefnd í janúar.

Gerð rekstraráætlunar gengur hægt, þar sem nauðsynleg áætlanaform vantar. Stefnt er að því að ljúka áætluninni öðru hvoru megin við áramótin

4. Önnur mál.

A) Finnbogi fór stuttlega yfir það helsta sem er á dagskrá hjá nemendafélaginu

B) Gunnlaugur spurði hvort ekki væri gott að allir varamenn fengju einnig sendar upplýsingar um fundarboð og fundargerðir. Ákveðið að verða við því.

C) Jón ræddi um nauðsyn þess að gera kynningarátak í kjölfar útskriftar og minna á þá hluti sem vel eru gerðir. Var vel tekið undir það. Einnig var nokkuð rætt um ímyndarstarf almennt og hvort ekki mætti virkja nemendur betur í því.

D) Spurt var um fjarnám frá Hvolsvelli og kom fram að þar er nú nokkur hópur 10. bekkinga að taka byrjunaráfanga í ensku frá okkur.

Næsti fundur verður boðaður í janúar, þann 9. eða 16.

Fleira ekki gert, fundi lauk kl 18:35
Ólafur H. Sigurjónsson.